

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. águst 2009

Varðar: Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Kexverksmiðjan Frón óskar eftir hér með eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við fyrirbyggjandi frumvarp til laga laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem eru til umfjöllunar efnahags- og skattanefndar þessa dagana:

Kexverksmiðjan Frón framleiðir og selur bæði sætt og ósætt kex og kökur, m.a. kremkex, súkkulaðikex, gróft ósætt kex og smákökur. Fyrirbyggjandi frumvarp og lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum munu hafa veruleg áhrif á starfsemi verksmiðjunnar og mjög líklega koma til með að draga úr starfsemi hennar, bæði vegna hækkunar á kostnaði og vegna mismununar milli innlendrar og erlendrar framleiðslu, þeirri innlendu í óhag.

Miðað við framsetningu frumvarpsins, eins og það liggur fyrir, mun vörugjald innheimt við sölu á vörugjaldsskyldum vörum þegar um er að ræða vörur framleiddar á Íslandi. Þetta þýðir að ekki er tekið tillit til lagerstöðu fyrirtækisins þegar lögin taka gildi. Ef um innflutningsfyrirtæki, og þar með erlenda vöru, er að ræða eru vörugjöld greidd þegar varan er leyst úr tolli við innflutning. Ljóst er að margir innflytjendur hafa nú þegar birgt sig upp af innfluttu kremkexi og súkkulaðikexi og hafa leyst vöruna til sín án vörugjalda þegar lögin taka gildi. Innflytjendur sitja því að vörum á lager, sem ekki bera vörugjald og munu geta selt þá vöru án gjalda. Þetta hefur í för með sér alvarlega mismunun milli vara framleiddra á Íslandi og innfluttra vara, sem munu verða seldar langt fram eftir hausti án vörugjalda en innlendar vörur munu bera fullt vörugjald frá gildistöku laganna. Má því gera ráð fyrir að verulegur verðmunur muni myndast milli innlendrar framleiðslu og innfluttrar vöru, mismunurinn mun nema í það minnsta 10%-15%.

Ekki er annað að sjá en um grófa mismunun milli innlendrar framleiðslu og innflutnings sé að ræða og því er þess óskað að nefndin beiti sér fyrir breytingu á frumvarpinu, þannig að fulls jafnræðis verði gætt í þessu máli.

Einnig er þess óskað að hugað verði að eftirliti með því að jafnræðis verði gætt við framkvæmd laganna. Það er álit forsvarsmanna Kexverksmiðjunnar Fróns að á meðan sambærileg ákvæði og nú eru fyrirhuguð voru í gildi áður fyrr, hafi fulls jafnræðis ekki verið gætt. Frón innheimti þá vörugjald af vörugjalsskyldum vörum, eins og jólasnákökum, meðan smærri bakarí seldu þær án þess að innheimta vörugjöld. Hafði það augljóslega haft áhrif á samkeppni í verðlagningu á sambærilegum vörum.

Ljóst er að atvinnu starfsmanna kexverksmiðjunnar Fróns er ógnað með því frumvarpi sem nú er til umfjöllunar, verði það lögum, vegna þeirrar mismununar sem bent hefur verið á hér.

F.h. Kexverksmiðjunnar Frón,
Hjalti Nielsen, framkvæmdastjóri.